



LEIKSKÓLA- HANDBÓKIN

FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN Í SAMSTARFI

LEIKSKÓLINN SÓLBORG
ÍSAFJARÐARBÆR



UPPFÆRÐ SUMARIÐ 2023

ÁBYRGÐARMENN;

Helga Börk Jóhannsdóttir leikskólastjóri og

Jensína K Jensdóttir aðstoðarleikskólastjóri



Efnisyfirlit

Leikskólinn	
Leikskólinn Sólborg	3
Starfsfólk leikskólans	4
Sérkennsla/ sérfræðipjónusta	4
Samstarf við foreldra/forráðafólk.....	4
Samskipti og samstarf.....	5
Þátttökuaðlögun	5
Fyrirkomulag aðlögunar.....	6
Hagnýt atriði fyrir foreldra í aðlögun barnanna;	6
Aðlögun á milli deilda	6
Aðlögun á milli leikskóla	7
Hagnýtar upplýsingar.....	7
Dagskipulagið.....	7
Dvalartími	7
Dvalargjald vegna lengri fjarvista	7
Uppsagnir á leikskólaplássi	7
Fréttir og upplýsingar til foreldra	8
Klæðnaður og hólf	8
Foreldrasamtöl.....	9
Karellen.....	10
Hugmyndafræðin og áherslur.....	10
Sköpun, skapandi efniviður og þemavinna.....	11
Skráningar	11
Innra mat	13
Skólanámskrá leikskólans	13
Raddir barna	13
Raddir foreldra.....	14
Raddir starfsfólks	14
Ytra mat	14
Foreldraráð	15
Foreldrafélag.....	15

1. Formáli frá leikskólastjóra

Handbók þessi er kynning á og upplýsingar um það starf sem fram fer í leikskólanum. Í henni er nauðsynlegar upplýsingar sem koma að gagni í samstarfi ykkar við starfsfólk skólans. Fjallað er um upphaf leikskólagöngunnar, þann tíma köllum við aðlögun. Sagt er frá hagnýtum upplýsingum sem gott er að hafa í huga þegar barn byrjar í leikskóla og hvað þarf að hafa í huga varðandi leikskólagöngu þess. Talað er um hvað raddir foreldra/forráðamanna eru mikilvægar og hvernig þær hafa áhrif á leikskólastarfið. Við viljum eiga gott samstarf við ykkur kæru foreldrar/forráðafólk og vinna saman með velferð barnsins að leiðarljósi.

2. Leikskólinn

Leikskólinn Sólborg



Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskylduáldri. Þar er stuðlað að því að nám barna fari fram samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Leikskólinn annast uppeldi, umönnun og menntun barna í samræmi við lög og reglugerðir, ásamt óskum foreldra. Í leikskólum skal velferð og hagrur

barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Búa á þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Leikskólinn Sólborg stendur við Torfnæs, þar eru fjórar deildir Bót, Dokka, Naust, Krókur

Síminn á Torfnesi er 450-8285.

Netfang: solborg@isafjordur.is

Heimasíða: www.solborg.leikskolinn.is

Leikskólinn Sólborg var tekinn í notkun 1. febrúar 1998. Þá voru sameinaðir tveir leikskólar, Hlíðarskjól og Skólaskjól. Arkitekt leikskólans er Elísabet Gunnarsdóttir og landslagsarkitekt er Áslaug Traustadóttir hjá Landmótun. Verktaki var Eiríkur og Einar Valur hf.

Í leikskólanum geta verið upp í 68-70 börn, fer eftir aldri barna og sérkennsluþörf. Þeim er skipt niður á fjórar deildir, yngri saman og eldri saman. Deildarnar eru nefndar eftir gömlum staðarheitum á Ísafirði og heita Bót, Dokka, Naust og Krókur.

Á heimasíðu leikskólans er hægt að finna ýmsan fróðleik og fréttir af starfinu.

Starfsfólk leikskólans



Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra. Leikskólakennarar með deildarstjórn stýra starfi á einstökum deildum. Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslu í leikskólanum. Leikskólakennarar og annað starfsfólk vinnur að uppeldisstarfi með börnunum. Stuðningur á deild vinnur að sérkennslu með einstökum börnum. Í leikskólanum er starfandi matráður og aðstoðarmaður í eldhúsi

sem er einnig staðgengill matráðs. Matráður sem sér um alla eldamennsku, innkaup og ákveður matseðil í samstarfi við leikskólastjóra með markmið manneldisráðs að leiðarljósi.

Sérkennsla/ sérfræðipjónusta.



Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri og litið á hvert barn sem hæfan, sjálfstæðan og skapandi einstakling. Starfsfólk gerir athugun á ánægju og líðan nemenda auk framvindu í námi og þroska.

Ef grunur vaknar um frávik í þroska sér sérkennslustjóri um frumathuganir í samráði og með skriflegu samþykki foreldra. Ef ástæða þykir eru kallaðir til aðrir sérfræðingar til frekari athugunar og ráðgjafar.

Hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar er höfð að leiðarljósi og komið með íhlutun um leið og vandinn hefur verið greindur. Sérkennsla og stuðningur fléttast inn í daglegt starf leikskólans. Markmiðið með sérkennslu er að styðja við barnið og skapa aðstöðu til að þroskast sem best á eigin forsendum.

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum í samráði við leikskólastjóra og leikskólafulltrúa.

Eftirfarandi skimunarpróf eru notuð m.a.:

Orðaskil, EFI-2 málþroskaskimun, Hreyfiþroskapróf, HLJÓM -2, Tove Krogh, og MIO stærðfræðiskimun.

Þau gögn sem fylgja barninu milli leik- og grunnskóla eru þær skimanir sem gerðar eru í leikskóla, auk persónulegra upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir velferð barnsins og aðlögun

2. Samstarf við foreldra/forráðafólk



Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 skal leikskólastjóri stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks með velferð barnanna að leiðarljósi. Starfsfólki ber að leita leiða til að eiga góð samskipti og samvinnu við fjölskyldur leikskólabarna og byggja upp gagnkvæma virðingu og traust á milli aðila.

Samskipti og samstarf



Það er mikilvægt að góð samvinna sé á milli starfsfólks leikskólans og foreldra strax frá byrjun. Allar upplýsingar um barnið eru mikilvægar til að barninu líði vel og finnst það vera öruggt. Foreldrasamstarf er gagnkvæmt. Starfsmenn skrifa undir þagnarheit og foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að gæta trúnaðar og ræða ekki það sem þeir sjá eða heyra varðandi persónuleg málefni annarra barna í leikskólanum.

Til að styrkja og hvetja til samvinnu erum við með ýmsar uppákomur s.s. foreldra- og gestakaffi. Á haustin eru kynningarfundir á starfi skólans. Foreldrasamtöl eru einu á ári.

Við skólann er starfrækt foreldrafélag og lögum samkvæmt þarf að vera foreldraráð sem hefur rétt til umsagnar um t.d. skóladagatal og meiriháttar breytingar á starfsemi skólans.

3. Upphaf skólagöngu

Aðlögun



Þegar barn byrjar í leikskóla mætast einstaklingar með ólík viðhorf sem byggja á ólíkri menningu, uppeldisviðhorfum og lífssýn. Barnið er í brennidepli en starfsfólk og foreldrar mætast með þá sameiginlegu sýn að tryggja velferð þess. Í aðlögun er lagður grunnur að sameiginlegum markmiðum sem tryggir góða líðan og framfarir barnsins. Starfsfólk Sólborgar leggur sig fram við að mæta fjölbreyttum hópi foreldra með skilningi á ólíkum

viðhorfum þar sem leikskólinn er þverskurður af því samfélagi sem við búum í. Aðlögunartíminn er ekki síst ætlaður til að skapa öryggstilfinningu hjá foreldrum sem síðan skilar sér yfir til barnanna, lögð er áhersla á gott samstarf og er því aðlöguninni hagað þannig að það henti hverju barni fyrir sig.

Þátttökuaðlögun



Í Sólborg er stuðst við þátttökuáðlögun. Eins og heitið ber með sér er átt við aðlögun þar sem foreldrar taka virkan þátt í starfi leikskólans á aðlögunartíma. Miðað er við að foreldrar dvelji með börnunum sínum í þrjá til fjóra daga í leikskólanum og taki þá virkan þátt í starfi leikskólans (sjá hér að neðan). Á fimmta degi kveðja börnin foreldra sína að morgni og eru allan daginn í leikskólanum. Kostir þessa forms aðlögunar eru, að þarna gefst

starfsfólki tækifæri til að læra af foreldrum hverjar venjur barnsins þeirra eru. Einnig verða foreldrar öruggari að vita af barninu í höndum þess sem þeir hafa myndað tengsl við. Öryggir og ánægðir foreldrar = örugg og ánægð börn.

Fyrirkomulag aðlögunar

Dagur 1. og 2. Barn og foreldri dvelja í leikskólanum frá kl. 9:00 og er til 11:45 eða fram yfir hádegismat og fara síðan heim.

Dagur 3. Barn og foreldri dvelja frá umsömdum vistunartíma, ef vel gengur fer foreldri frá um kl. 9.30-10.00. Barnið er í leik, borðar og fer síðan að sofa eða í hvíld í fyrsta sinn ca. kl 11.30. Ef barnið sofnar er hringt í foreldra þegar það vaknar og það er sótt. Ef barnið nær ekki að sofna er hringt í foreldra sem sækir barnið.

Dagur 4. Barn og foreldri dvelja saman í leikskólanum frá umsömdum vistunartíma í ca.1 klst. Foreldri fer ef vel gengur og sækir barnið kl. 15:00. Ef þörf er á er haft samráð við foreldra um að sækja barnið fyrr.

Dagur 5. Foreldri mætir með barnið á umsömdum vistunartíma og kveður það fljótlega eftir að það kemur í leikskólann. Barnið er sótt tímanlega þennan dag, eftir samkomulagi.

Hagnýt atriði fyrir foreldra í aðlögun barnanna;

Það er farið út alla daga (ef veður leyfir) og því mikilvægt að koma með útiföt fyrir barnið og þess foreldris sem er með barninu sem er virkur þátttakandi í aðlögun barnsins, úti sem inni. Það er gólfkuldi í leikskólanum og þó að það séu þægilegar mottur á gólfum er gott að hafa barnið í inniskóm eða sokkaskóm. Foreldrar koma með bleyjur fyrir barn sitt.

Vinsamlega virðið það að innan leikskólans ríkir trúnaður um það sem fram fer. Það á einnig við um þá foreldra sem taka þátt í aðlögun. Vinsamlega takmarkið notkun á síma á meðan á aðlögun stendur. Ef teknar eru myndir í aðlögun er einungis leyfilegt að taka myndir af eigin barni. Vinsamlega virðið það.

Tengihlutir



Sumum finnst gott er að hafa lítið myndaalbúm eða mynd af mömmu, pabba og/eða systkinum í leikskólann. Það getur veitt barninu öryggiskennd og ákveðið traust. Ef barnið notar snuð, bangsa eða annað sem það sefur með er mikilvægt að koma með það í leikskólann.

Aðlögun á milli deilda



Áður en barnahópurinn á yngri deild flytur á eldri deild fer fara þau í nokkrar heimsóknir áður með sínum kennurum. Börn flytja saman á milli deilda með sínum kennurum. Flutningur á milli deilda er eftir sumarleyfi, þegar nýtt skólaár byrjar.

Aðlögun á milli leikskóla

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir því að allar upplýsingar sem þörf er á að fylgi barni komist til skila þegar barn flytur á milli leikskóla. Það gert í samráði við og með samþykki foreldra.

Hagnýtar upplýsingar

Dagskipulagið



Í leikskólanum er lögð áhersla á frjálsan leik, börnin fá að njóta, skapa, örva ímyndunaraflið og æfa sig í samskiptum. Mikið er lagt upp úr útiveru bæði á lóð leikskólans og í útinámi þar sem börnin auka þol, fá útrás á hreyfipörf sinni og læra á nærumhverfi sitt.

Í leikskólanum er unnið út frá ákveðnu þema sem er ákveðið að hausti og unnið að yfir veturinn. Hver hópur útfærir sitt verkefni eftir áhuga

og getu hvers hóps. Þemastarfinu líkur með sýningu að vori/sumri.

Morgunmatur er frá kl 7:45 - 8:30

Hádegismatur er á tímabilinu kl. 11:00 - 12:00

Síðdegishressing er kl. 14:00 - 15:00

Ávaxtahressing er tvisvar á dag um 9.30 og í kaffitímanum.

Leikskólinn lokar kl. 16:15.

Dvalartími



Leikskólinn opnar kl. 7.45 og lokar kl. 16.15 Í boði er 4 – 8 ½ tíma vistun. Leikskólastjóri tekur á móti óskum um breytingar á vistunartíma á þar til gerðum eyðublöðum og/eða foreldrar senda tölvupóst á solborg@isafjordur.is

Mikilvægt er að börnin mæti á réttum tíma í leikskólann til að geta tekið þátt í starfinu sem fer fram. Foreldrar eru vinsamlega beðnir um að virða vistunartíma hvers barns, þ.e. koma með og sækja börnin á umsömdum tíma.

Dvalargjald vegna lengri fjarvista

Ef barn er fjarverandi í tvær vikur eða lengur er hægt að óska eftir að fæðisgjald verði fellt niður þann tíma. Sækja skal um það skriflega í tölvupósti til leikskólastjóra.

Uppsagnir á leikskólaplássi

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við fyrsta eða fimmtánda hvers mánaðar. Uppsögnin fer fram á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast hjá leikskólastjóra eða á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.

Fréttir og upplýsingar til foreldra



Upplýsingar til foreldra eru skrifaðar á upplýsingatöflurnar sem eru við hverja deild. Upplýsingar frá leikskólastjóra eru settar á korktöflu við báða innganga leikskólans, sent í tölvupósti og á heimasíðu leikskólans. Deildarstjórar senda reglulega tölvupósta til foreldra um starfið á viðkomandi deild. Í Karellen appinu (sjá upplýsingar hér að neðan um það) má sjá myndir af börnunum í námi og leik auk persónulegri skilaboða til foreldra og forráðamanna. Á heimasíðu skólans www.solborg.leikskolinn.is er fjallað er um það sem efst er á baugi í starfsemi leikskólans hverju sinni. Leikskólinn er einnig með fésbókarsíðu <https://www.facebook.com/groups/2165589233740413> Mikilvægt er að fylgjast vel með öllum upplýsingum.

Klæðnaður og hólfi



Mikilvægt er að klæðnaður barna sé þægilegur og í samræmi við veðurfar og **greinilega merktur börnunum**. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann, bæði inni- og útiföt. Gott er að hafa tvennt af öllu og mikilvægt er að yfirfæra körfur reglulega. Í hólfi á að vera útifatnaður við hæfi hvers dags þar sem veður er mjög rýsjótt.

Í leikskólanum er unnið með ýmis efni s.s. liti, lím og málningu sem geta farið í föt barnanna. Öll hólfi þurfa að vera tæmd á föstudögum vegna þrifa. Vegna plássleysis í fataklefa er mjög mikilvægt að töskur og pokar ekki geymdir í leikskólanum.

Veikindi



Eðlilegt er að foreldri meti hvort barn er fært um að fara í leikskólann þegar eitthvað bjátar á. Geti barnið ekki tekið þátt í leik og starfi úti er eðlilegt að það sé heima. Innivera kemur ekki í veg fyrir að barn veikist.

Barn skal dvelja heima þar til það er orðið hitalaust og hefur endurheimt þrótt sinn. Fá barnið smitandi sjúkdóm á það að dvelja heima þar til smithætta er liðin.

Í undantekningartilfellum getur barnið fengið að vera inni í 1- 2 daga í samráði við deildastjóra. Mikilvægt er að láta vita ef barnið er veikt með því að hringja eða í gegnum Karellen.

Lyfjagjafir og vottorð

Ef barn þarf á lyfjum að halda ber að haga lyfjagjöf þannig að þau séu gefin heima.

Undantekning á því eru astma, ofnæmislyf og lyf vegna sykursýki.

Barn sem er með ofnæmi/óþol þarf að skila inn læknavottorði því til staðfestingar. Endurnýja þarf vottorðið árlega. Mikilvægt er að foreldri barns sem er á sérferði láti vita ef barnið er í leyfi/veikt.

Hvíld/svefn barna



Öll börn fara í hvíld eftir hádegismat. Á eldri deildum er lesin saga og/eða hlustað á rólega tónlist í 15-20 mínútur. Á yngri deildum sofna flest börnin. Ef barn sofnar fær það að sofa í 40 mínútur að lágmarki, að öðru leyti er lengd svefntíma hafður í samráði við foreldra. Við takmörkum ekki svefn barna undir tveggja ára.

Afmælisdagur leikskólabarnsins



Afmælisdagur er stór dagur í lífi barns. Leikskólinn sér um að halda upp á afmæli barnsins í leikskólanum. Barnið fær kórónu og sunginn er afmælissöngurinn og boðið er upp á ávexti, grænmeti og vatn. Vinsamlega setjið ekki afmælisboðskort í hólfi barnanna. Það veldur vonbrigðum og leiðindum hjá þeim börnum sem ekki er boðið og þau hafa stundum týnst eða gleymst.

Hægt að biðja deildarstjóra um heimilisföng barnanna á deildinni. Ef foreldri er mótfallið að þær upplýsingar séu gefnar er viðkomandi vinsamlega beðin um að upplýsa deildarstjóra strax um það.

Kveðjuveisla og útskrift



Haldin er útskriftarveisla fyrir sumarleyfi fyrir börnin á Torfnesi þar sem foreldrum/forráðamönnum er boðið í, áður en þau flytja á Tanga. Þessi stund er mjög hátíðleg, börnin syngja fyrir foreldra sína og taka síðan við útskriftarskjölum. Að því loknu er útskriftarveisla fyrir nemendur, foreldra og kennara í boði leikskólans.

Óhöpp og slys

Í barnahópnum geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Minniháttar slys eru tilkynnt í lok dags, en ef alvarlegri slys eiga sér stað er haft samband við foreldra/forráðamenn strax.

Ef leita þarf til læknis er ætlast til að foreldri fari með barnið, að undaskyldum bráðatilfellum. Ef fara þarf með barn á slysideild er slysið skráð á sérstök eyðublöð sem leikskólinn er með. Ef slysið veldur áverka sem hugsanlega getur tekið sig upp síðar á ævinni, ber leikskólanum að tilkynna það til lögreglu og fylla út lögregluskýrslu, sem er varðveitt þar og getur greitt fyrir afgreiðslu hjá tryggingarfélögum síðar meir, ef þörf er á.

Foreldrasamtöl

Mikilvægt er að heimili og leikskólinn eigi gott samstarf með velferð barnsins að leiðarljósi. Í foreldrasamtölum er farið yfir líðan barnsins í leikskólanum, þroska þess og þarfir. Einnig er leitast við að fá fram viðhorf og væntingar foreldra. Deildarstjórar hafa umsjón og eru með samtölin og eru þau í mars/apríl ár hvert

Karellen



Rekstrarkerfið Karellen þjónustar leikskólann og mætir flestum þörfum er varðar skráningu og utan umhald upplýsinga. Vefkerfi fylgir þessari þjónustu sem leikskólinn nýtir sér. Í Karellen-appið (upplýsingakerfi frá leikskólanum til foreldra) geta starfsmenn skráð daglegar uppl. t.a.m. viðveru, svefntíma og matartíma auk mynda af starfinu og skilaboð til foreldra sem berast strax frá skólanum. Mikilvægt er að foreldrar/forráðafólk nái í appið í símann og nýti það til að koma skilaboðum áleiðis og til að fylgjast með skólastarfinu í máli og myndum.

4. Stefna leikskólans

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Þar er stuðlað að því að nám barna fari fram samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla. Leikskólinn annast uppeldi, umönnun og menntun barna í samræmi við lög og reglugerðir, ásamt óskum foreldra. Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Búa á þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Hugmyndafræðin og áherslur



Í Sólborg er unnið eftir starfsaðferðum Reggio Emilia og eiga þær að endurspeglast í öllu starfi skólans s.s. í skapandi hugsun, listsköpun með opinn efnivið, útinámi, frjálsum leik og í læsi. Í ofangreindum aðferðum er áhersla lögð á margbreytileikann í barnahópnum, góðan og samstilltan starfsmannahóp og gott foreldrasamstarf.

Leikskólastarf í anda Reggio Emilia sem kennt er við borg á Ítalíu er einkum byggt á hugmyndum Loris Malaguzzi, en hann var uppeldisfræðilegur leiðtogi leikskólanna. Mótandi þættir hugmynda hans er sýn á barnið, að það eigi að skapa sína eigin þekkingu en ekki vera óvirkur viðtakandi. Það á að gefa barninu færi á að nýta sér fleiri tjáningarleiðir en hafa tíðkast í hefðbundnu skólakerfi. Tjáning og sköpun eru virkir þættir í námi barnanna og hluti af daglegu lífi þeirra. Lögð er áhersla á skapandi og gagnrýna hugsun, ásamt lýðræði. Notaðar eru uppeldisfræðilegar skráningar til að nálgast hugmyndir og tilgátur barna.

Hlutverk kennarans í Reggio starfi er að hlusta og reyna að sjá hvaða stefnu barnið tekur þegar það tileinkar sér þekkingu og að styðja barnið í þeirri stefnu sem það tekur þ.e. kennarinn þarf að læra að grípa boltann sem barnið kastar til hans og kasta boltanum á þann hátt til baka að barnið vilji halda áfram. Í hugmyndafræði leikskóla sem starfa í anda Reggio Emilia er því haldið fram að í leikskóla sé barnið mótað á þrennan hátt þ.e. frá leikskólakennaranum, barnahópnum og umhverfinu. Til að svo geti orðið, verður umhverfið að virka hvetjandi á sköpunargáfu og samskipti barnanna. Í Reggio Emilia er mikið rökrætt við börnin, jafnvel mjög

ung börn og spurt opinna spurninga –hvað –hvernig –hvers vegna. Opnar spurningar hvetja börnin til að leita svara. Þau verða að fá nægan tíma til að hugsa og leita svara. Mikilvægt er að hinn fullorðni hlusti á barnið og skrái hjá sér. Með því, öðlast hinn fullorðni betri skilning og þekkingu á hugarheimi barnsins.

Í starfsmannastefnu Sólborgar er hugtakið kennari notað yfir leikskólakennara og annað starfsfólk leikskólans. Starfsumhverfi kennarans í leikskólanum Sólborg grundvallast af mismunandi þáttum leikskólastarfsins. Það er barnið, barnið og hópurinn, barnið og kennarinn, barnið og umhverfið, barnið og samfélagið, barnið, efniviður og sköpun og barnið og heimilið. Allir þessir þættir eru jafn mikilvægir fyrir líðan barns í leikskólanum og hefur mikið að segja fyrir jákvæða sjálfsmynd þess. Leitast er við að starfsaðferðir kennarans út frá fyrrgreindum þáttum séu byggðir á grunnþáttum menntunar og hugmyndafræði Reggio Emilia ásamt því að kennarinn tileinki sér þá sýn sem sett er fram um barn og nám þess.

Sköpun, skapandi efniviður og þemavinna



Í Sólborg er töluvert af skapandi efnivið og unnið skapandi starf af ýmsum toga á öllum deildum, en mismunandi leiðir eru farnar eftir aldri og þroska barnanna. Við viljum veita börnunum tækifæri til að auka sköpunarhæfni sína, gera umhverfið síbreytilegt og vekja þannig upp forvitni hjá börnunum og ýta undir sköpunargleði þeirra. Sköpun er mikilvæg tjáningarleið sem hjálpar börnum að tjá sig á eigin forsendum og skynja umhverfið. Unnið er mikið með opinn efnivið í verkefnavinnu sem leiðir til sköpunar og hvetur börnin til að leita lausna í allri verkefnavinnu.

Frjálsa leiknum er gert hátt undir höfði því við teljum að í honum fari fram mikilvægt sköpunarferli. Einnig nýtum við myndlist, tónlist, dans og leikræna tjáningu til að stuðla að sköpun.

Í þemavinnu er unnið á margvíslegan hátt, við vinnum í litlum hópum og jafnvel í flæði milli hópa eftir því sem hentar barnahópnum, kennarahópnum eða viðfangsefni hverju sinni. Stöðugt er unnið með uppgötvun og tjáningu barnsins í ferlinu. Við val á þema er tekið mið af áhuga og reynslu barnanna og reynt að styrkja sjálfsvitund og sjálfsmynd barnsins.

Skráningar



Skráning er mikilvægur þáttur í hugmyndafræði Reggio Emilia. Í Sólborg gegna skráningar stóru hlutverki þegar kemur að því að meta þroska og þróun nám barnsins. Skráningar gera starfið sýnilegra og með þeim er hægt að fylgjast betur með þeirri þróun sem á sér stað í náms- og sköpunarferli barnsins. Skráningar eru unnar af kennurum og er af námi og upplifun barnsins, bæði af barninu einu og einnig í hóp. Kennarinn reynir að sýna og gera grein fyrir áhuga, getu og upplifun barnsins í skráningunum. Notast er við

ljósmyndaskráningar, textaskráningar og samtöl. Gerðar eru ferilskráningar í þemaverkefnum og útbúnaðar eru sérstakar ferilmöppur eða bók í máli og myndum. Einnig eru gerðar skráningar sem eru sendar í tölvutæku formi til foreldra og settar í leikskólamöppu barnsins sem það fær með sér heim þegar það hættir.

Jákvæður agi

Leikskólinn vinnur með Jákvæðan aga sem er uppeldisstefna sem er byggð á sjálfsstjórnarkenningum og kennir félagsfærni og lífsleikni.

Litið er á að hvert barn hafi fjórar grunnþarfir;

- að tilheyra, skipta máli og vera einhvers virði
- að hafa skilning á eigin getu eða hæfileikum
- að hafa persónulegt vald og sjálfstæði, fá tækifæri til að leita lausna, læra lífsleikni, sýna virðingu og vinna með öðrum
- kunni félagsfærni og lífsleikni. Með kennslu og æfingu öðlast þau færni.

Jákvæður agi gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Teljum við að jákvæður agi haldist vel í hendi við hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem Jákvæður agi kennir félagsfærni, lífsleikni og hjálpar til við að byggja upp og tengja saman væntumþykju og virðingu. Jákvæður agi þjálfar og auðveldar einnig börnum að finna lausnir á mismunandi viðhorfum, sem allir eru sáttir við. Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

Vináttuverkefni Barnaheilla – gegn einelti


Í nóvember 2020 byrjaði leikskólinn að vinna með vináttuverkefni Barnaheilla – gegn einelti. Það gengur út á að kenna börnum hvað hegðun og viðmót við viljum eiga við hvort annað. Bangsinn Blær er notaður, sagðar eru sögur og rætt um efnið, sungið lög og allir eignast vináttubangsa. Vináttan fléttast inn í allt starf skólans.

5. Mat á starfi



Í Lögum um leikskóla frá 2008 kveða á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti gæði skólastarfsins með þátttöku foreldra, starfsmanna og barna. Matið þarf að ná yfir heildarstarf skólans og mikilvægt er að nota sem fjölbreyttastar aðferðir. Árlega er gerð ársskýrsla og starfsáætlun þar sem endurskoðuð eru þau verkefni og markmið sem höfð voru að leiðarljósi og ný starfsmarkmið sett.

Starfsdagar - námskeiðsdagar – starfsmannafundir



Starfsfólk leikskóla Ísafjarðarbæjar eru með fjóra starfsdaga á ári og einn námskeiðsdag, sem er hluti af símenntunaráætlun Ísafjarðarbæjar fyrir starfsfólk leikskóla. Leikskólinn er þá lokaður. Dagarnir eru notaðir til fræðslu, námskeið og undirbúnings fyrir nám og uppeldisstarf sem leikskólinn býður upp á. Þessi tími er einnig notaður til að endurmeta starfið. Starfs- og námskeiðsdagar eru auglýstir á skóladagatali leikskólans og á heimasíðu leikskólans, á auglýsingatöflu, á göngum leikskólans, í netpósti og í gegnum Karellen appið. Leikskólinn hefur til umráða 20 klukkustundir á ári til að halda starfsmannafundi og þá daga er leikskólinn lokaður kl. 12.00.

Innra mat



Samkvæmt Aðalnámskrá 2011 ber leikskólanum að leggja áherslu á að endurmeta starfið á kerfisbundin hátt þar sem árangur og gæði skólastarfsins er metinn. Innra mat metur leikskólastarfið til að finna veik- og styrkleika á sem víðtækastan hátt. Matið nær yfir alla þætti leikskólastarfsins og miðar að því að allir helstu hagsmunaaðilar leikskólans komi að því þ.e.a.s. starfsfólk, börn og foreldrar.

Skólanámskrá leikskólans



Skólanámskrá Sólborgar byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, Lögum um leikskóla nr. 90/2008, Reglugerðum fyrir leikskóla og Skólafélag Ísafjarðarbæjar. Allir starfsmenn leikskólans komu að gerð skólanámskrárinnar og er hún í stöðugri endurskoðun og uppfærð eftir þörf.

Raddir barna



Nemendur í elstu tveim árgangöngum leikskólans meta starfið í leikskólanum á þann hátt að þau eru spurð um það hvað þeim þykir skemmtilegt og áhugavert í leikskólanum og hvað mætti betur fara. Hlustað er á hugmyndir barnanna og vinnan aðlöguð að hæfni og möguleikum þeirra.

Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talin ávinningur fyrir alla að eiga fjölbreytt samfélag- samfélag margbreytileikans.

Raddir foreldra



Sólborg leggur áherslu á að foreldrar séu virkir þátttakendur í daglegu starfi, þátttaka þeirra í endurmati er mikilvæg og eðlilegt framhald af foreldrastarfinu. Annað hvert ár er gerð foreldra-könnun á vegum Skólapúlsins og nýtum við þær niðurstöður til umbóta og/eða skerpis á þeirri leið sem við höfum valið að fara. Það er bæði nauðsynlegt og gagnlegt að sjónarmið flestra komi fram í starfi og stefnu leikskólans.

Við leikskólann starfar foreldrafélag og foreldraráð. Foreldraráð fær til umsagnar allar þær stærri breytingar sem eru í starfi leikskólans s.s. skóladagatal og umsögn um skólanámskrá.

Raddir starfsfólks



Starfsfólk metur jöfnum höndum starfið á deildum og í leikskólanum á deildarfundum, deildarstjórafundum, á starfsmannafundum og á starfsdögum. Leikskólinn notar einnig skráningar af starfinu til að fara yfir starfið.

Starfsmannasamtöl við leikskólastjóra eru einu sinni á ári. Starfsmaður getur alltaf óskað eftir samtali á á öðrum tíma.

Starfsmenn taka þátt í starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins. Niðurstöður eru notaðar til að meta starfið og starfsaðferðir skólans.

Öryggisfulltrúi og öryggistrúnaðarmaður eru við skólann. Farið er yfir vinnuöryggi reglulega og lögð fyrir könnun um líðan í vinnunni, niðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki og gerð áætlun um úrbætur. Sérstök móttökuáætlun er til um hvernig tekið er á móti nýju starfsfólki og því fylgt eftir í starfi.

Ytra mat



Ytra mat leikskólans er gert af utanaðkomandi aðila sem vinnur að vegum sveitarfélagsins, ráðuneytis, mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Matið felst í úttekt á skólustarfinu og/eða einstökum þáttum þess.

Leikskólinn Sólborg var valinn í úttekt skólaárið 2013–2014, af Námsmatsstofnun fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Skýrsla um úttekt leikskólans og tímasett umbótaáætlun er á

heimasíðu leikskólans <http://solborg.leikskolinn.is/>

Fræðslunefnd hefur eftirlit með starfsemi leikskóla, að hún samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá með því m.a. kalla eftir starfsáætlunum, ársskýrslu, skóladagatali, og öðrum áætlunum sem eiga við hverju sinni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á að fylgjast með að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum.

Foreldraráð



Foreldraráð er lögbundin skv. Lögum um leikskóla, 2008. Gert er ráð fyrir aukinni ábyrgð og áhrifum foreldra á menntun og velferð barna sinna, auk þess að hvetja starfsfólk leikskólans til meiri samvinnu við foreldra. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsögn til leikskólans s.s. um skóladagatal og ef það verða meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Kjósa skal foreldraráð og skulu að lágmarki sitja þrír foreldrar. Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu og starfar með foreldraráði.

Foreldrafélag

Samkvæmt 10.gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal leikskólastjóri aðstoða við stofnun foreldrafélags sé þess óskað. Í Sólborg er starfandi foreldrafélag sem heldur utan um ýmsar upptækur í samráði við leikskólann, t.d. utanaðkomandi leiksýningar fyrir börnin, jólagjafir frá jólasveininum og gjafir til leikskólans.

Einn áheyrnarfulltrúi frá foreldrafélögum Ísafjarðarbæjar situr fundi fræðslunefndar og er talsmaður foreldra við Skóla- og fjölskyldusvið.

Með virðingu, leik og upplifun að leiðarljósi bjóðum við þér/ykkur hjartanlega velkomin í leikskólann Sólborg.

Að ala upp barn er samstarfverkefni heimilis og skóla og okkur hlakkar til að vinna að því með þér/ykkur með velferð barnsins að leiðarljósi.

Helga Björk Jóhannsdóttir leikskólastjóri.